



Ritrynd grein birt 30. júní 2012

Gunnar J. Gunnarsson

## Trúarbragðafræðsla í samfélagi margbreytileikans

Staða trúarbragðafræðslu í grunnskólum hefur breyst á undanförunum árum bæði hér á landi og í nágrannalöndunum. Með síðustu grunnskólalögum var nafni greinarinnar breytt og í nýrri námskrá grunnskóla verður hún hluti af námskrá í samfélagsgreinum. Í greininni er fjallað um trúarbragðafræðslu á tímum trúarlegs margbreytileika og fjölhyggju. Spurningar um veraldarvæðingu og af-veraldarvæðingu eru ræddar og bent á að trúarbrögð séu með nýjum hætti komin á dagskrá í vestrænum samfélögum. Síðan eru ályktanir og álitsgerðir Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu skoðaðar, en í þeim er áréttað mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu til að auka skilning ungs fólks á hlutverki trúarbragða í fjölmenningsarsamfélögum nútímans og hvernig góð þekking á trúarbrögðum og lífsviðhorfum getur stuðlað að virðingu fyrir trúfrelsi og eflt skilning á félagslegum margbreytileika.

Næst eru ræddar hugmyndir nokkurra sérfræðinga í trúarbragðakennslu í Bretlandi með það fyrir augum að draga ályktanir af henni. Þar er athyglinni sérstaklega beint að nálgunum eða aðferðum í trúarbragðafræðslu sem taka mið af óhjákvæmilegum áhrifum margbreytileikans á nemendur og leitast við að hjálpa þeim að takast á við þau. Þær fela ekki í sér innrætingu tiltekinna trúar- eða lífsviðhorfa en leggja í staðinn áherslu á að nemendur fái tækifæri til að skoða og velta fyrir sér mismunandi trúarbrögðum og lífsviðhorfum á skipulegan hátt. Þær viðurkenna einnig rétt einstaklinga til að hafa ólík trúar- eða lífsviðhorf og þá staðreynd að margir nemendur taka óhjákvæmilega með sér inn í skólastofuna trúar- og lífsviðhorf fjölskyldu sinnar.

Á ofangreindum grundvelli eru sett fram sjónarmið um nálgun og áherslur í trúarbragðafræðslu hér á landi á tímum þegar margbreytileiki og fjölhyggja í trúarefnum verður æ meiri. Nemendur í skólum á Íslandi verða fyrir áhrifum margbreytileikans og því er mikilvægt að taka bakgrunn og reynslu þeirra með í reikninginn í trúarbragðafræðslu skólanna. Niðurstaðan er því sú að mikilvægt sé að í trúarbragðafræðslunni eigi sér stað samspil milli annars vegar bakgrunns, reynslu og tilvistarspurninga nemenda og hins vegar inntaks, frásagna, hefða og menningarlegs samhengis trúarbragða og lífsviðhorfa.

Höfundur er dósent í trúarbragðafræði og trúarbragðakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

### Religious education in a society of diversity

The article focuses on religious education in public schools in this time of religious diversity and plurality. Secularization and the question of desecularization is also discussed and it is pointed out that religion is back on the agenda in Western societies. Over the last years the Council of Europe has in many reports emphasized the need for better understanding about religions and beliefs and how important it is for young people to acquire a better understanding of the role that religions play in today's pluralistic world. The article discusses some of these reports and how knowledge about religions and beliefs can reinforce appreciation of the importance of respect for everyone's right to freedom of religion or belief and promote understanding of societal diversity.

Different approaches in religious education are also discussed with a special focus on the discussion in Britain over the last decades. The focus is especially on approaches that recognize the inevitable influence of plurality on children and young people and seek to help them to tackle this. These approaches do not foster particular manifestations of belief but stress that pupils should have the possibility to study and reflect on different religious views in a structured manner. They also recognize the right of individuals to have different religious or secular views and that some pupils inevitably bring with them to the classroom their family's or denomination's religious attitudes.

On this basis, religious education in Iceland is discussed, as are the approaches that are suitable in this time of growing diversity and plurality. The effect of plurality on the younger generation in Iceland makes it urgent to find an approach to religious education that takes greater account of pupils' diverse backgrounds, personal experiences and existential questions. The conclusion is that if pupil's experience and the contents of the subject religion constitute the elements creating the process to take place in religious education, there must be interplay in the religious education on one hand between pupils' background and own experience, existential questions and life interpretation and on the other hand the contents, traditions and cultural context of the religions and beliefs.

The author is associate professor in religious studies and religious education at the School of Education, University of Iceland.

## Inngangur

Trúarbragðafræðsla hefur verið viðfangsefni opinberra skóla í flestum Evrópulöndum um langt árabíll, og er þá átt við almenna skóla sem reknir eru af opinberum aðilum í samræmi við þau lög og reglur sem gilda hverju sinni. Fyrirkomulag þessarar fræðslu hefur verið með ýmsu móti. Segja má að skipan fræðslunnar hafi á vissan hátt gefið til kynna hvernig sambandi ríkis og kirkju eða skóla og trúarbragða sé háttað í ólíkum löndum. Í löndum þar sem ein tiltekin trúarbrögð eða kirkjudeild hefur verið ráðandi hefur það til að mynda haft áhrif á fyrirkomulag trúarbragðafræðslunnar. Nú á dögum er einkum um að ræða þrenns konar fyrirkomulag þessarar fræðslu í opinberum skólum í Evrópu. Í fyrsta lagi er hún játningabundin í mörgum löndum þannig að nemendur sækja fræðslu samkvæmt þeim trúarbrögðum eða kirkjudeild sem þeir og fjölskylda þeirra tilheyra. Í öðru lagi er fyrirkomulag fræðslunnar í ýmsum löndum með þeim hætti að lögð er áhersla á að nemendur fræðist um öll helstu trúarbrögð heims. Þetta á einkum við um Norðurlöndin og Bretland. Í þriðja lagi er um að ræða dæmi þar sem engin skipuleg trúarbragðafræðsla á sér stað í opinberum skólum, en í Evrópu er Frakkland eina landið með þannig fyrirkomulag (Willaime, 2007). Hér á landi lauk formlegri aðild kirkjunnar að trúarbragðafræðslunni árið 1926 þegar skilið var á milli fermingarfræðslu kirkjunnar og biblíusögukennslu skólanna (Sigurður Pálsson, 2008). Það var þó ekki fyrr en með setningu fyrstu grunnskólaganna (*Lög um grunnskóla*, nr. 63/1974) og námskrár í kjölfar þeirra að farið var að tala um fræðslu um önnur trúarbrögð en kristni (Menntamálaráðuneytið, 1976). Síðan þá hefur

mikið vatn runnið til sjávar og samfélagið breyst á margvíslegan hátt. Menningarlegur og trúarlegur margbreytileiki á Íslandi hefur farið vaxandi á undanförunum 10–20 árum. Fólki með annan menningarlegan bakgrunn en íslenskan hefur fjölgað og jafnframt hefur fjölbreytileiki trúfélaga, bæði skráðra og óskráðra vaxið. Sem dæmi má nefna að nú eru lögskráð trúfélög hér á landi 36 en fyrir 15 árum voru þau meira en helmingi færri eða 17 (Hagstofa Íslands, 2012a). Þá hefur fólki með erlendan bakgrunn fjölgað. Fyrir 15 árum var 2,1% íbúa landsins með erlent ríkisfang en núna eru það 6,6% (Hagstofa Íslands 2012b). Það er því full þörf á að ræða hlutverk trúarbragðafræðslunnar í samfélagi aukins margbreytileika.

Vissulega hafa átt sér stað ýmsar áherslubreytingar í kristinfræði- og trúarbragðafræðikennslu í grunnskólum hér á landi á undanförunum áratugum. Það sést til dæmis þegar skoðaðar eru Aðalnámskrár grunnskóla sem komið hafa út frá setningu fyrstu grunnskólaganna 1974 og fram á fyrsta áratug þessarar aldar. Áherslan á að fræða um önnur helstu trúarbrögð heims samhliða kristninni hefur smám saman farið vaxandi, fyrst á unglingastigi, en síðan á öllum skólastigum (Menntamálaráðuneytið, 1976; Menntamálaráðuneytið, 1989; Menntamálaráðuneytið, 1999; Menntamálaráðuneytið, 2007). Um þessar mundir eiga sér enn stað breytingar á stöðu námsgreinarinnar. Frá og með síðustu grunnskólalögum (*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008) heitir greinin ekki lengur kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði heldur einungis trúarbragðafræði. Í nýrri námskrá grunnskóla er jafnframt ekki reiknað með sjálfstæðri námskrá í greininni eins og hingað til heldur verður hún hluti af námskrá í samfélagsgreinum.

Í ljósi þeirra samfélagsbreytinga sem hafa átt sér stað hér á landi á undanförunum árum og þeirra breytinga sem orðið hafa á stöðu trúarbragðafræðinnar í lögum og námskrám er mikilvægt að spyrja ákveðinna spurninga um stöðu og hlutverk trúarbragðafræðslunnar í skólum landsins. Hvers vegna er vönduð trúarbragðafræðsla mikilvæg á tímum aukins trúarlegs margbreytileika? Hvaða nálgun er heppileg í trúarbragðafræðslu skólanna? Hvaða lærdóm getum við dregið af umræðunni um stöðu og hlutverk trúarbragðafræðslunnar í nágrenni löndunum? Hvaða áherslur eru æskilegar í trúarbragðafræðslu grunnskólans hér á landi? Til að leita svara við þessum spurningum verður athyglinni beint að umræðu um hlut trúarbragða í samfélagsbreytingum og jafnframt verða ályktanir og álitsergerðir Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu skoðaðar um mikilvægi trúarbragðafræðslu í fjölmenningsfélögum. Enn fremur verða ræddar hugmyndir nokkurra sérfræðinga í trúarbragðakennslu í Bretlandi um ólíkar nálganir í trúarbragðafræðslu sem taka mið af áhrifum margbreytileikans á nemendur. Á þessum grundvelli verða síðan sett fram sjónarmið um nálgun og áherslur í trúarbragðafræðslu hér á landi á tímum þegar margbreytileiki í trúarefnum verður æ meiri.

## Hvers vegna er trúarbragðafræðsla mikilvæg á tímum trúarlegs margbreytileika?

Umræða um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum í nágrenni löndum hefur mótast af þeim samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað undanfarna áratugi. Veraldarhyggja (e. *secularism*) ásamt trúarlegum margbreytileika og fjölhyggju (e. *pluralism*) hefur víða í Evrópu leyst tiltölulega einsleita mynd í trúarefnum af hólmi. Áhrif trúarstofnana á aðrar stofnanir samfélagsins hafa farið minnkandi, en um leið hafa ólík trúarbrögð orðið meira áberandi í samfélaginu og samfélagsumræðunni. Innan trúarbragðafélagsfræðinnar var upp úr miðri síðustu öld mikið rætt um veraldarvæðingu (e. *secularization*) samfélagsins og sáu margir fyrir sér að áhrif trúarbragða og trúarstofnana í samfélaginu myndu smám saman fjara út (Berger, 1969; Luckmann, 1977; Wilson, 1982). Í því sambandi var rætt um þrjú svið. Á hinu félagslega sviði glötuðu trúarbrögð stöðu sinni sem grundvöllur félagslegrar samloðunar. Á stofnanasviðinu hættu kirkjur og trúarstofnanir að hafa áhrif á

opinberar og einstaklingsbundnar ákvarðanir. Á einstaklingssviðinu birtist veraldarvæðingin í höfnun á trúarlegum kenningum og minnkandi trúarlegri iðkun (Ziebertz og Riegel, 2008). Litið var á veraldarvæðinguna sem óhjákvæmilegan fylgifisk nútímavæðingar samfélagsins (Bruce, 1992). Í seinni tíð hafa ýmsir fræðimenn sett spurningamerki við veraldarvæðingar hugtakið og talað um af-veraldarvæðingu (e. *desecularization*) (Berger 1999). Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að tala um veraldarvæðinguna sem goðsögn (Bellah, 2001; Thalén, 2006). Margir fræðimenn á sviðinu eru þeirrar skoðunar að hvort tveggja eigi sér stað samhliða, þ.e. tiltekin veraldarvæðing um leið og trúarbrögð eða hið trúarlega hefur orðið meira áberandi (Woodhead og Heelas, 2000). Myndin sé einfaldlega flóknari en margir vilja halda fram um leið og það hefur einnig áhrif hvernig hugtakið veraldarvæðing er skilgreint og notað. Flestir eru þó sammála um að trúarbrögðin séu komin á dagskrá á ný í vestrænum samfélögum bæði í fjölmiðlum og pólitískri umræðu. Rætt er um trúarbrögð sem uppsprettu merkingarsköpunar en einnig sem orsök spennu og átaka. Þetta á einnig við í fræðaheiminum en þar hafa ýmsir fræðimenn, sem lengi vel gáfu trúarbrögðunum lítinn gaum, farið að líta til þess sviðs. Jürgen Habermas er dæmi um það. Lengst af tók hann ekkert mið af trúarbrögðum í kenningum sínum um samskipti en á síðustu árum hefur hann vísað til hlutverks þeirra þegar kemur að gagnkvæmum skilningi milli fólks (Weisse, 2010). Habermas (2008) hefur bent á að trúarlegt umburðarlyndi sé mikilvægt á tímum fjölmeningarhyggju (e. *multiculturalism*) og grundvöllur friðsamlegs sambýlis ólíkrar menningar í lýðræðissamfélagi.

Svipaða sögu er að segja hér á landi. Þrátt fyrir minni áhrif kirkjunnar bæði á hinu opinbera og einstaklingsbundna sviði, sem meðal annars má sjá í lækkandi hlutfalli þeirra sem eru skráðir í þjóðkirkjuna, hefur umræðan um stöðu og áhrif trúarbragða í samfélaginu aukist, meðal annars í fjölmiðlum. Ein af ástæðunum er vaxandi fjölbreytni trúarbragða hér á landi. Dæmi um þetta er umræðan um byggingu mosku í Reykjavík, um slátrun lamba í samræmi við reglur múslima og um samstarf skóla og trúfélaga á undanförunum misserum. Spyrja má hvernig unnt sé að takast á við aukinn trúarlegan margbreytileika í íslensku samfélagi og hvert hlutverk trúarbragðafræðslunnar í skólum sé í því sambandi.

Umræður á vettvangi Evrópuráðsins og í ýmsum nágrannalöndum um mikilvægi og tilgang trúarbragðafræðslunnar endurspeglar þessa breyttu stöðu og geta komið að gagni hérlandis. Með vaxandi fjölhyggju og trúarlegum margbreytileika í Evrópu hefur áherslan á mikilvægi almennrar trúarbragðafræðslu aukist. Evrópuráðið hefur til að mynda á undanförunum árum sent frá sér ýmsar skýrslur og greinargerðir sem árétta mikilvægi trúarbragðafræðslu sem þátt í almennri menntun (sjá t.d. *Report on religious tolerance in democratic society*, 1993; *Religion and democracy*, 1998; *Education and religion*, 2005; *State, religion, secularity and human rights*, 2007; *White paper on intercultural dialogue – Living together as equals in dignity*, 2008). Rauður þráður í þessum skýrslum er mikilvægi þess að vinna gegn staðalmyndum og misskilningi á trúarbrögðum, auka umburðarlyndi í trúarlegum efnum og efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum, bæði eigin og annarra, með markvissri fræðslu á öllum skólastigum. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að mennta hæfa kennara á þessu sviði. Þá er enn fremur lögð áhersla á samræðu milli menningar- og trúarhópa til að skapa gagnkvæman skilning og virðingu. Í því sambandi er mikilvægi góðrar þekkingar á eigin trúararfleifð og annarra áréttuð.

Ítarlegustu greinargerðina og leiðbeiningarnar um kennslu um trúarbrögð og lífsviðhorf í opinberum skólum er að finna í skýrslunni *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*. Hún var gefin út eftir ráðstefnu sem haldin var í Toledo á Spáni um málið á vegum OSCE – Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODHIR). Meginniðurstöður ráðstefnunnar fela í sér ríka áherslu á gildi þekkingar á trúarbrögðum. Í skýrslunni er því haldið fram að sú þekking geti stuðlað að viðurkenningu

á mikilvægi þess að virða rétt allra til að ástunda trúarbrögð sín eða lífsviðhorf. Hún geti einnig aukið skilning á félagslegum margbreytileika og eftir félagslega samloðun. Jafnframt geti þekking á trúarbrögðum dregið úr ágreiningi og átökum sem stafa af skorti á skilningi á trú annarra. Auk þess stuðli hún að betri skilningi á sögu, bókmenntum og listum, og eflir menningarlega víðsýni. Árangursríkast er að trúarbragðafraeðslan haldist í hendur við að innræta fólki virðingu fyrir réttindum annarra, jafnvel þótt ágreiningur ríki um trúarbrögð og lífsviðhorf. Trúfrelsi séu algild mannréttindi og það feli í sér skuldbindingu til að virða réttindi og jafngildi allra manna. Í niðurstöðunum er lögð áhersla á að trúarbragðakennslan byggji á fagmennsku og sérfræðilpekkingu, ásamt skuldbindingu gagnvart almennum mannréttindum og trúfrelsi. Jafnframt er bent á að skyldunám í trúarbragðafraeði gangi ekki gegn trúfrelsi ef námskeiðin eru nægilega hlutlaus (*Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*, 2007).

Það fer ekki á milli mála þegar niðurstöður Toledo-ráðstefnunnar eru skoðaðar að rík áhersla er lögð á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafraeðslu. Þær leiðbeinandi meginreglur sem settar eru fram í skýrslunni leggja síðan línurnar um hvers beri sérstaklega að gæta þegar trúarbragðafraeðsla í opinberum skólum er skipulögð og framkvæmd. Þar er lögð áhersla á atriði eins og sanngirni, nákvæmni og fræðilega fagmennsku, virðingu fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og borgaralegum gildum, trúfrelsi, gagnkvæma virðingu og skilning. Ábyrgð skólans á trúarbragðakennslunni er áréttað um leið og bent er á að kennsluáferðir megi hvorki grafa undan né líta framhjá hlutverki fjölskyldu og trúfélaga í að miðla gildum til komandi kynslóða. Lögð er áhersla á að námskipulag og námsþættir í skyldunámi þurfi að vera nægilega hlutlausir og að kennarar hafi fullnægjandi menntun, bæði fræðilega og kennslufræðilega, til að annast þessa fraeðslu. Við gerð námskrár, námsbóka og námsgagna um trúarbrögð og lífsviðhorf sé mikilvægt að taka tillit til bæði trúarlegra og trúlausra sjónarmiða af sanngirni og virðingu, um leið og miðað sé við viðurkennda staðla, í þeim tilgangi að tryggja jafnvægi í kennslu um trúarbrögð og lífsviðhorf. Jafnframt þurfi að þjálfá kennara á faglegan hátt í að nota námskrár og námsefni á þessu sviði og tryggja þeim tækifæri til frekari þjálfunar og þróunar á þekkingu sinni. Öll kennaramenntun eigi að mótast af grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og fela í sér innsýn í menningarlegan og trúarlegan margbreytileika í samfélaginu. Námskrá og námsefni í trúarbragðafraeði eigi að gefa gaum að bæði sögulegri og samtímaþróun trúarbragða og lífsviðhorfa og endurspeglu bæði alþjóðleg og staðbundin málefni. Jafnframt beri að taka tillit til fjölbreytileikans í trúarlegri og veraldlegri tjáningu eins og hún birtist í skólanum og nærsamfélaginu (*Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*, 2007).

Öll þessi áherslu atriði eru mikilvæg og eiga við hér á landi eins og annars staðar í Evrópu. Bæði á það við um grundvallarsjónarmiðin varðandi mikilvægi, skipulag og framkvæmd kennslunnar, áherslur í sambandi við gerð námskrár og námsefnis og menntun og hæfni kennara. Í þessari grein er athyglinni fyrst og fremst beint að trúarbragðakennslu skólans. Í nágrannalöndunum hafa átt sér stað miklar rannsóknir og umræður um trúarbragðafraeðslu í skyldunámi. Sett hafa verið fram sjónarmið um ólíka nálgun í skipulagi og framkvæmd þessarar kennslu og þau rökrædd. Hér á landi hefur umræðan um þessi mál verið fremur lítil og því þörf á aukinni faglegri umræðu. Íslenskt samfélag hefur verið að breytast og trúarlegur fjölbreytileiki vaxið eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt rannsókn virðast unglingar á Íslandi vera í nokkurs konar spennu milli þeirra einsleitni sem hefur verið ráðandi á þessu sviði og þess vaxandi margbreytileika sem nú blasir við (Gunnar J. Gunnarsson 2008a). Margir kennarar eru óöruggir með trúarbragðakennsluna og hvaða aðferðir henti á tímum margbreytileikans. Fjölmíðlaumfjöllun og umræða um málefni tengd trúarbrögðum sýnir einnig að þörf er á vandaðri menntun á þessu sviði til að vinna gegn staðalmyndum og fordómum og efla virðingu fyrir mannréttindum og trúfrelsi. Allt kallar þetta á markvissa umræðu um hlutverk trúarbragðafraeðslunnar í skólum

landsins og þá nálgun og aðferðir sem beitt er. Í því sambandi getur umræðan í nágrannalöndunum reynst gagnleg fyrir okkur hér á landi. Það á sérstaklega við um þau lönd sem eru með svipað fyrirkomulag trúarbragðafræðslu og hér á landi, þ.e. almenna trúarbragðafræðslu fyrir alla nemendur, þar sem fræðsla um kristni skipar þó ákveðna sérstöðu af sögulegum og menningarlegum ástæðum. Hér eru Norðurlöndin að undanskildu Finnlandi gott dæmi. Umræðan í Bretlandi er sérstaklega áhugaverð og gefur tilefni til að draga af henni ályktanir þegar rætt er um trúarbragðafræðslu í skólum hér á landi. Hún hefur verið mjög lífleg undanfarna áratugi og varpar ljósi á ólíkan skilning og nálgun í trúarbragðafræðslu í opinberum skólum, í landi þar sem ein tiltekin trúarbrögð hafa verið ráðandi í margar aldir en síðan hefur aukin veraldarhyggja og vaxandi menningarlegur og trúarlegur margbreytileiki breytt aðstæðum á síðustu áratugum.

## Getum við lært af Bretum?

Upp úr miðjum 7. áratug síðustu aldar fór umræðan um trúarbragðafræðsluna í Bretlandi smám saman að taka mið af vaxandi fjölhyggju og veraldarhyggju í samfélaginu. Ninian Smart hafði þar töluverð áhrif og hann kom á fót rannsóknarverkefni sem fól í sér að skoða stöðu trúarbragðafræðslunnar og þróa hentuga námskrá. Niðurstöður rannsóknarinnar voru í meginatriðum þær að gagnrýna játningabundna trúarbragðafræðslu sem ónothæfa í opinberum skólum í veraldlegu lýðræðissamfélagi með vaxandi trúarlegum margbreytileika. Í staðinn skyldi lögð áhersla á ójátningabundna fræðslu með fyrirbærafræðilegri nálgun (e. *phenomenological approach*) þar sem bæði nemendur og kennarar væru hvattir til að ýta til hliðar fyrirfram gefnum forsendum og leitast í staðinn við að fanga innihald trúarbragðanna út frá sjónarhóli þeirra sem tilheyra þeim. Smart setti nokkur megin svið trúarbragðanna í brennidepil í sinni nálgun, þ.e. hið trúfræðilega, mýstíska, siðferðilega og félagslega, ásamt sviði reynslu og helgisiða (Smart, 1967; 1968; 1971; 1973). Ýmsar námsbækur í trúarbragðafræði í nágrannalöndunum hafa tekið mið af þessum sviðum og lýsa þeim og bera saman milli ólíkra trúarhefða (Eriksson, 1999; Selander, 1993). Námsbækur í trúarbragðafræði handa grunnskólum hér á landi hafa meðal annars einnig einkennst af fyrirbærafræðilegri nálgun (sjá t.d. Gunnar J. Gunnarsson, 1995).

Árið 1988 tók ný endurskoðuð menntastefna gildi í Bretlandi (Education Reform Act, 1988). Í henni er því í fyrsta skipti slegið föstu í breskri löggjöf að trúarbragðafræðslan skuli taka tillit til trúarlegs margbreytileika samfélagsins (Jackson, 1997). Skólaölggjöfin frá 1944 (*Education Act, 1944*) hafði endurspeglad einsleitán kristindómsskilning og námskránnar sem fylgdu í kjölfarið höfðu verið undir áhrifum frá fræðasviði sem þá var nýtt og kallaðist samanburðartrúarbragðafræði (e. *comparative religion*). Bera átti saman „trúarbrögðin“, eins og þau höfðu verið sett upp í kenningakerfi af vestrænum fræðimönnum, oft í því skyni að sýna yfirburði kristinnar. Þetta endurspegladist í námskrám og litið var á önnur trúarbrögð sem aðgreind kerfi með svipaða formgerð í innbyrðis samkeppni. Framsetningin á öðrum trúarbrögðum en kristni var því gerð í samanburði við hana (Jackson, 1997). Nýja skólaölggjöfin frá 1988 átti að breyta þessu með því að skilgreina helstu trúarbrögð heims sem þátt í andlegu og menningarlegu lífi þjóðarinnar. Markmiðið var að nemendur öðluðust þekkingu og skilning á þessum trúarbrögðum í opinberum skólum landsins.

Miklar umræður áttu sér stað í Bretlandi í tengslum við þessa endurskoðun menntastefnunnar og nýju skólaölggjöfina um stöðu og hlutverk trúarbragðafræðslunnar. Jackson (2004) bendir á að meðal annars hafi komið fram sjónarmið sem sameinuðu eindregin hægri stjórnmalaviðhorf og íhaldsöm kristin. Þessi hópur lagði áherslu á mikilvægi sterkrar stöðu trúarbragðafræðslunnar í opinberum skólum en snerist gegn trúarbragðafræðslu sem endurspegladri trúarlegan margbreytileika. Færð voru rök fyrir yfirgnæfandi kristindómsfræðslu, jafnvel játningabundinni, en almenn trúarbragðafræðsla var gjarnan tengd við veraldarhyggju og afstæðishyggju í trúmálum og litið á hana sem ruglandi og svik við

breska menningararfleifð. Ráðandi kristindómsfræðsla myndi aftur á móti beina athyglinni að kristinni trú og áhrifum hennar í þróun breskrar menningar. Þessi sjónarmið leiddu til þess að í skólalöggjöfinni frá 1988 (*Education Reform Act, 1988, Section 8.3*) er að finna eins konar málamiðlun. Trúarbragðafræðslan átti samkvæmt henni að endurspegla þá staðreynd að trúarlegar hefðir í Bretlandi væru í meginatriðum kristnar um leið og reiknað væri með umfjöllun um kenningar og siði annarra helstu trúarbragða sem fyrirfinnast í Bretlandi. Segja má að forsendur og rök fyrir kristinfræði- og trúarbragðafræðikennslu hér á landi séu að nokkru leyti með svipuðum hætti í síðustu námskrám grunnskólans (Menntamálaráðuneytið, 1999; Menntamálaráðuneytið, 2007).

Þrátt fyrir að fyrirbærafræðilega nálgunin í trúarbragðafræðslunni hafi leitast við að nálgast viðfangsefnið út frá sjónarhóli þeirra sem tilheyra trúarbrögðunum voru ýmsir sem gagnrýndu hana, einkum fyrir að gera þá kröfu að kennarar og nemendur settu til hliðar forsendur sínar. Á meðal þeirra var Michael Grimmitt (1987). Hann greindi trúarbragðafræðsluna í þrjú ólík módel. Í fyrsta lagi talaði hann um að „læra trúarbrögð“ (e. *learning religion*) sem fæli í sér trúarbragðafræðslu með yfirfærsluhlutverk, þ.e. henni væri ætlað að yfirfæra trúarlega menningu, viðhorf og gildi til næstu kynslóðar. Nemandinn læri trúarbrögðin. Þetta módel getur því fyrst og fremst átt við trúfræðslu og trúaruppeldi trúfélaga og fjölskyldna. Hin tvö módelin geta aftur á móti átt við um trúarbragðafræðslu skólans. Þar talar Grimmitt annars vegar um að „læra um trúarbrögð“ (e. *learning about religion*) og hins vegar um að „læra af trúarbrögðum“ (e. *learning from religion*). Að læra um trúarbrögð felur samkvæmt skilgreiningu Grimmitts í sér að nemendur læri um helstu trúarbrögð heims, hefðir þeirra, sannfæringu, kenningu, gildi og helgisiði, ásamt áhrifum þeirra á einstaklinga, samfélög og menningu. Hann er þeirrar skoðunar að það að læra um trúarbrögð feli í sér hlutlæga þekkingu og veiti nemendum fyrst og fremst ópersónulegan og almennan skilning á trúarbrögðunum. Trúarbragðafræðslan hér á landi virðist gjarnan hafa tekið mið af þess konar áherslum. Mikið af því námsefni í trúarbragðafræði sem gefið hefur verið út af Námsgagnastofnun bendir að minnsta kosti til þess (Gunnar J. Gunnarsson, 1995; Sigurður Ingi Ásgeirsson, 2004; 2005; 2006; 2008, Þorkell Ágúst Óttarsson, 2003). Að læra af trúarbrögðum felur aftur á móti í sér, að skilningi Grimmitts, það sem nemendur læri af námi sínu í trúarbragðafræði um sjálfa sig, um að geta áttað sig á grundvallarspurningum og „merkjum um hið yfirskilvitlega“ í eigin reynslu og íhugað hvernig þeir geti brugðist við. Þeir þjálfist í að átta sig á grundvallargildum og læri að túlka þau. Nemandur læri jafnframt að gefa gaum að mótandi áhrifum eigin lífsviðhorfa og gilda á persónulegan þroska og um möguleika sína á að greina andlega vídd reynslu sinnar. Einnig um þörfina á því að bera ábyrgð á eigin ákvarðanatöku, einkum í málefnum sem snerta persónulega trú og breytni.

Grimmitt heldur því fram að þessi tileinkun þekkingar leiði til betri sjálfsþekkingar og persónulegs skilnings, þ.e. stuðli að huglægrri þekkingu. Hann talar um að þetta feli í sér þátttöku í tvenns konar ólíku en skyldu mati. Hið fyrra kallar hann „ópersónulegt mat“ (e. *impersonal evaluation*) sem feli í sér að geta greint á milli og metið á gagnrýnan hátt sannleikskröfu ólíkra trúarbragða, sannfæringu þeirra og siðvenjur. Hið síðara nefnir hann „persónulegt mat“ (e. *personal evaluation*) sem hafi að markmiði að efla sjálfsskilning og feli í sér að bera saman og mynda þannig andstæður við eigin sannfæringu og bjóða með því forsendum sínum birginn. Grimmitt lítur á þetta matsferli sem víxlverkun milli þess að læra um trúarbrögð og að læra af þeim og að það skapi möguleika á því að þekking nemendanna á trúarbrögðum geti orðið mikilvægur þáttur í sjálfsskilningi þeirra. Sú nálgun sem Grimmitt leggur til sambandi við trúarbragðafræðsluna felur þannig í sér samþættingu beggja módelanna, það er að læra um og læra af trúarbrögðum. Svo virðist sem slík samþætting hafi orðið algeng í bresku samhengi (Jackson and Steele, 2005) og ljóst er að hugmyndir Grimmitts hafa komið við sögu í umræðum um trúarbragðakennslu á Norðurlöndunum (sjá t.d. Furenhed, 2000; Johansson, 2005; Osbeck, 2006). Ef til vill er



ástæða til að leggja meiri áherslu á að læra af trúarbrögðum í trúarbragðafræðslunni hér á landi og samþætta þannig bæði módelin í ríkari mæli en gert hefur verið.

## Hvers konar nálgun er heppileg í trúarbragðafræðslu á tímum margbreytileikans?

Robert Jackson hefur verið afkastamikill í rannsóknum á trúarbragðakennslu og tekið mikinn þátt í umræðum um hana síðastliðna tvo áratugi. Hann er í hópi þeirra sem gagnrýnt hafa fyrirbærafræðilega nálgun í trúarbragðakennslu og telja hana ófullnægjandi (Jackson, 1997). Hann hefur þróað leið í trúarbragðafræðslu sem hann kallar „túlkandi nálgun“ (e. *interpretive approach*) og má líta á hana sem dæmi um hvernig unnt er að samþætta ofangreind tvö módel Grimmitts. Hann byggir á hugmyndum sem hann sækir bæði til mannfræði og túlkunarfræði (e. *hermeneutics*) og fléttar jafnframt saman þekkingu, skilning, ígrundun og uppbyggjandi gagnrýni í námsferlinu. Áhersla er lögð á samhengi og reynslu nemendanna (Jackson, 1997). Nálgun Jacksons hefur því gjarnan verið skilgreind sem samhengismiðuð (e. *contextual approach*).

Annar mikilvægur fræðimaður í trúarbragðafræðirökræðunni í Englandi á síðustu árum er Andrew Wright. Hann hefur lagt meiri áherslu á inntaksmiðaða (e. *essential*) nálgun og hefur sett fram leið sem hefur trúarlegt læsi (e. *religious literacy*) sem meginmarkmið (Wright, 1996; 2004). Án þess að einfalda málið um of má halda því fram að rökræðan um trúarbragðafræðsluna í Bretlandi hafi á síðustu árum snúist að miklu leyti um þessi tvö meginsjónarmið, það er hvort hún eigi að vera samhengismiðuð eða inntaksmiðuð. Hér verður vikið aðeins nánar að megináherslum þeirra Jackson og Wright og rökræðu þeirra á milli. Þótt þeir ræði hugmyndir sínar í bresku samhengi og fleiri hafi komið við sögu í umræðunni (sjá t.d. Erricker och Erricer, 2000; Thompson, 2004), og sjónarmið þeirra séu ólík, er margt í hugmyndum þeirra sem getur átt við í trúarbragðafræðslu hér á landi, sérstaklega þegar horft er til vaxandi margbreytileika í trúarlegum bakgrunni nemenda.

Samkvæmt „túlkandi nálgun“ Jacksons (1997; 2004) getur það ekki verið markmið í opinberum skólum í lýðræðissamfélagi að innræta börnum tiltekið trúarlegt eða veraldlegt lífsviðhorf. Í staðinn eigi markmiðið að vera að hjálpa börnum og unglingum að móta sína eigin afstöðu með þátttöku í umræðum um trúarlegan margbreytileika. Jackson leggur áherslu á að innri fjölbreytileiki trúarhefðanna sé viðurkenndur og tekinn með í reikninginn ásamt því hve flókin menningarleg tjáning og breytingar séu. Að skilningi Jacksons er þessi nálgun fyrst og fremst til þess fallin að skilja lífsmáta annarra og hún ætluð sem viðbót við aðra þætti trúarbragðafræðslunnar.

Jackson varar við því að trúarleg lífsviðhorf séu eingöngu kynnt sem fastbundin kerfi kennisetninga og hvetur til persónulegri og sveigjanlegri aðferðar sem gefi rými fyrir þann skilning að hver einstaklingur sé sérstæður um leið og gefin sé gaumur að þeim mörgu áhrifavöldum sem stuðla að því að skapa persónulega og félagslega sjálfsmynd einstaklingsins. Í stað þess að gera ráð fyrir því að nemendurnir setji til hliðar eigin forsendur þegar viðhorf annarra eru skoðuð, eins og fyrirbærafræðilegar nálganir gera oft kröfu um, þá leggur Jackson til að nýta beint hugmyndir og reynslu nemendanna í kennslunni og gera þannig eigið sjónarhorn nemendanna að mikilvægum þætti í námsferlinu. Innihald trúarbragðafræðslunnar sé þá ekki bara það efni sem er í námsbókum eða það sem kennarinn leggur til, heldur feli það einnig í sér þekkingu og reynslu nemendanna og gagnvirkt samspil þarna á milli. Trúarbragðakennari sem vinnur með börnum með ólíkan bakgrunn þarf að búa yfir faglegri færni til að ráða við samræðukennslu af þessum toga. Jackson heldur því fram að ef kennarar hafi nægjanlegt næmi bæði gagnvart afstöðu nemenda sinna og eigin afstöðu, ásamt því námsefni sem unnið er með, þá geti átt sér stað raunverulegt samtal í trúarbragðafræðinni sem ráði við og endurspegli margbreytileikann. Hann telur að svona nálgun feli í sér þann möguleika að nemendur dýpki eigin



viðhorf og skilning með því að læra um afstöðu annarra. Hún feli jafnframt í sér tækifæri fyrir nemendur til að beita gagnrýninni hugsun í vinnu með námsefnið sem um er að ræða og svigrúm fyrir skapandi nálgun í framsetningu þess. Eigin trúar- og menningarleg reynsla, ásamt ígrundun og gagnvirkni nemenda, geti þannig orðið hluti af námsefni í trúarbragðafraeði.

Wright (1998; 2004; 2008) hefur verið gagnrýninn á samhengismiðaða nálgun í trúarbragðafraeðslu, sem hann álitur að gangi fyrst og fremst út frá nánasta menningarlega og félagslega umhverfi og setji mótun sjálfsmýndar nemendanna í nærsamfélaginu fyrst og fremst í brennidépil. Hann telur Jackson vera í hópi þeirra sem mæla með trúarbragðafraeðslu af þessum toga. Wright bendir á að samhengismiðuð trúarbragðafraeðsla hafi tilhneigingu til að afmarka trúarbrögðin við hina menningarlegu vídd. Hin lárétta vídd trúarbragðanna sem menningarlegt fyrirbæri skyggi á hina lóðréttu vídd sem snerti spurningar um hið yfirskilvitlega og hinstu rök tilverunnar. Hann bendir jafnframt á að það sé ekki eins auðvelt að sniðganga hina lóðréttu vídd trúarbragðanna og honum virðist samhengismiðuðu trúaruppeldisfræðingarnir gera ráð fyrir. Hann andæfir einnig þeim markmiðum sem þeir setji með trúarbragðafraeðslunni og lítur svo á að þeir telji trúarbrögð fyrst og fremst vera verkfæri til félagslegs og persónulegs þroska, frekar en að líta á þau sem eitthvað sem í sjálfu sér er þess virði að læra um. Wright viðurkennir þó gildi samhengismiðaðrar kynningar á trúarbrögðum í skólastofunni en áréttar að slík framsetning sé þó engan veginn fullnægjandi, það þurfi meira að koma til.

Leiðin sem Wright (1996; 2004) leggur til felur í sér að gera trúarlegt læsi (e. *religious literacy*) að grundvallaratriði trúarbragðafraeðslunnar í stað áherslunnar á reynslu nemendanna. Hann er þeirrar skoðunar að trúarbrögð leggi öðru fremur áherslu á spurninguna um sannleikskröfuna (e. *truth claim*). Í hans augum eru trúarbrögð nútímans ekki byggð á einhverri algildri reynslu, heldur á tjáningu margbreytilegrar reynslu ólíkra trúarbragða. Trúarbrögðin séu því nánar tiltekið röð ólíkra frásagna um hið sanna eðli veruleikans sem bæði skarast og keppa innbyrðis. Það sé því ekki reynsla sem nemendur þurfa á að halda sem tæki til að skilja trúarbrögð heldur trúarlegt læsi. Hann kallar þá nálgun sem hann stendur fyrir „gagnrýna trúarbragðafraeðslu“ (e. *critical religious education*) og leggur áherslu á mikilvægi spurninga um hið yfirskilvitlega og hinstu sannindi tilverunnar. Hann er þeirrar skoðunar að sérhvert nám í trúarbragðafraeððum sem ekki tekst á við og kannar slíkar spurningar – óháð því hvaða ályktanir séu dregnar af þeim – feli í sér takmarkað nám sem ekki gefi réttláta mynd af trúarbrögðunum. Wright er þeirrar skoðunar að trúarbragðafraeðslan verði að eiga sér stað á þann hátt að nemendur komist í kynni við þær frásagnir sem trúarhefðirnar nota til að lýsa og fást við veruleikann með. Hún eigi að leitast við að opna augu nemendanna fyrir spurningum um hinsta sannleika tilverunnar og þroska trúarlegt læsi þeirra. Hann leggur áherslu á að það sé ekki markmiðið með trúarbragðafraeðslu skólans að innræta nemendum einhverja trúarlega eða veraldlega afstöðu eða skoðun. Í staðinn eigi nemendur að fá hjálp til að móta vel rökstudda afstöðu til trúarlegra sannleikskrafna og færni til að hugsa, breyta og eiga tjáskipti af innsæi og skilningi í ljósi þess trúarlega margbreytileika sem nútímamenningin ein-kennist af.

Jackson (2004; 2008) hefur gagnrýnt ýmsa þætti í nálgun Wrights. Hann er þeirrar skoðunar að í viðleitni sinni til að ná fram stöðluðu trúarlegu tungumáli hafi Wright skilgreint trúarbrögðin um of sem skýrt afmörkuð og sjálfstæð kerfi. Hann bendir á að einstaklingurinn búi oft yfir persónulegri trúarsannfæringu og gildismati sem hafi mótast af reynslu viðkomandi og gegnum samskiptin við aðra, þar með talið trúarhópa og kirkjusöfnuði, og vísi jafnframt til einhvers heildstæðs hugmyndakerfis. Jackson tekur sem dæmi þann trúarlega margbreytileika sem fyrirfinnst meðal barna frá kristnum fjölskyldum samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum við Warwick-háskólann og hann tók sjálfur þátt í. Hann spyr

hvernig Wright myndi flokka þessi börn og minnir á þann innri margbreytileika sem fyrirfinnst í mismunandi trúarhefðum. Jackson er einnig gagnrýninn á hve mikla áherslu Wright leggi á rökhyggju og hvernig hann útiloki nánast tilfinningar og tjáningu þeirra úr trúarbragðafræðslunni. En þrátt fyrir gagnrýni sína leggur Jackson áherslu á að nálgun Wrights búi yfir ýmiss konar styrkleika. Einn þeirra sé hve opin hún er. Wright leggi áherslu á að samtalið í trúarbragðafræðslunni eigi að ná til allra og endurspegla margbreytileikann. Enginn eigi að finna sig utanveltu vegna trúar sinnar eða lífsskoðunar og aðferðirnar sem notaðar eru megi ekki bæla niður eða hindra samtalið milli nemenda með ólík viðhorf. Í þessu efni séu þeir á sama máli og leggi báðir áherslu á að trúarbragðafræðslan henti öllum nemendum með ólíkan bakgrunn og óháð trúar- eða lífsviðhorfi þeirra.

Það fer ekki á milli mála að Jackson (2004; 2008) er jákvæður gagnvart hverri nálgun í trúarbragðakennslu sem tekur margbreytileikan alvarlega. En hann viðurkennir jafnframt að engin slíkra nálgana sé algerlega hlutlaus. Þær viðurkenni allar óumflýjanleg áhrif margbreytileikans á börn og unglunga og vilji hjálpa þeim að takast á við hann. Þær ali ekki á neinum tilteknum trúarskoðunum en leggi áherslu á að nemendur geti kynnt sér og ígrundað ólík trúarleg og heimspekileg sjónarmið á skipulegan hátt. Þær viðurkenni einnig rétt einstaklinga til að hafa mismunandi trúar- og lífsskoðanir og að hluti nemendanna taki óhjákvæmilega með sér inn í skólastofuna trúarviðhorf fjölskyldu sinnar eða trúfélags. Sameiginleg afstaða þessara nálgana til margbreytileikans og fjölhyggjunnar felur að mati Jacksons í sér að þær viðurkenni að spurningum um sannleikskröfu ólíkra trúarbragða verði ekki svarað opinberlega. Jafnframt tryggi þær trúfrelsi einstaklinganna og geti á virkan hátt stuðlað að trúarlegu umburðarlyndi. Auk þess reyni þær að tryggja að frásagnir, kenningar, hefðir og siðir trúarbragðanna fái umfjöllun sem einkennist af næmi, heiðarleika, nákvæmni og réttlæti. Allt eru þetta sjónarmið sem eiga erindi inn í umræðuna um trúarbragðafræðsluna hér á landi.

## **Hvaða áherslur eru æskilegar í trúarbragðafræðslunni hér á landi?**

Umræðan um trúarbragðafræðsluna í Bretlandi og á vettvangi Evrópuráðsins mótast af því að síðustu áratugi hefur trúarlegur margbreytileiki og fjölhyggja vaxið jafnt og þétt og það kallar á þekkingu og færni til að eiga samskipti við fólk með ólíkan bakgrunn hvað varðar trú og lífsskoðanir. Trúarbragðafræðsla er þar af leiðandi talin mikilvægur þáttur í almennri menntun, meðal annars til að auka skilning á félagslegum margbreytileika, vinna gegn staðalmyndum og misskilningi, auka umburðarlyndi í trúarlegum efnum og efla virðingu fyrir rétti allra til að ástunda trúarbrögð sín eða lífsviðhorf. Hér á landi hefur þróunin í átt til aukins margbreytileika orðið svipuð þótt það hafi gerst seinna en í nágrannalöndunum. Mikilvægt er að ræða trúarbragðafræðslu skólanna hér á landi í þessu ljósi. Rannsóknir bæði hér og í nágrannalöndunum sýna að margbreytileiki og fjölhyggja samtímans hefur áhrif á líf og skoðanir barna og unglunga. Sem dæmi má nefna að sænsk rannsókn, sem byggir á viðtölum við unglunga með ólíkan uppruna, sýnir meðal annars að trúarbrögð hafi áhrif á sjálfsmynd þeirra, einkum þeirra sem ekki eiga sér sænskan uppruna. Veraldarvæðing og efnishyggja hafi aftur á móti meiri áhrif á sjálfsmynd unglunga af sænskum uppruna, meðan áhrif trúarbragða eru takmörkuð. Umhverfi, reynsla og bakgrunnur hafa þannig áhrif og trúarbrögð og trúarafstaða skapar mun á milli einstaklinga og hópa og það áréttar mikilvægi trúarbragðafræðslunnar (Brömssen, 2003; sjá einnig Birkedal, 2001; Brunstad, 1998; Hallgren; 2003 ).

Rannsókn sem gerð var hér á landi fyrir nokkrum árum þar sem tekin voru viðtöl við 24 unglunga með eins árs millibili í 9. og 10. bekk bendir til þess að unglingarnir finni sig í eins konar spennu milli einsleitni og margbreytileika. Það kemur meðal annars fram í því

hvernig þeir tjá sig um trú og trúarbrögð, mótlæti, sorg og dauða, gildi og gildismat. Umhverfið og ólíkur bakgrunnur og reynsla í fjölskyldunni hefur hér mikil áhrif og leiðir af sér fjölbreytni í viðhorfum (Gunnar Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson, 2006; Gunnar J Gunnarsson, 2008a; Gunnar J. Gunnarsson, 2008b;). Af þessum sökum hlýtur að vera mikilvægt að vanda til verka í trúarbragðafraeðslu skólanna hér á landi og finna nálgun eða leiðir sem taka tillit til mismunandi bakgrunns nemenda, ólíkrar reynslu þeirra, trúar- og tilvistarspurninga, um leið og trúarbrögðunum eru gerð sanngjörn skil.

Sjónarmið fyrirbærafræðilegu nálgunarinnar (Smart, 1967; 1968; 1971; 1973), að leitast við að fanga innihald trúarbragðanna út frá sjónarhóli þeirra sem tilheyra þeim, er mikilvægt þegar gera á trúarbrögðum hlutlæg skil, en aftur á móti er sú hvatning að kennarar og nemendur ýti til hliðar fyrirframgefnum forsendum sínum óraunhæf og hamlandi. Ástæða er til að draga þá lærdóma af umræðunni í Bretlandi á síðustu árum (sjá einkum Jackson, 1997; 2004; 2008; Wright, 1996; 2004; 2008), að trúarbragðafraeðsla opinberra skóla taki margbreytileika og trúfrelsi alvarlega og gefi gaum að margvíslegum bakgrunni, reynslu og viðhorfum nemenda. Skólanum er ekki ætlað það hlutverk að innræta nemendum tiltekna trúar- eða lífsskoðanir en hann getur með vandaðri fraeðslu styrkt sjálfskilning þeirra og hjálpað þeim að takast á við margbreytileikann undir formerkjum trúfrelsis og gagnkvæmrar virðingar. Þannig læra nemendur bæði um trúarbrögð samfélagsins og einnig af þeim (sbr. Grimmitt, 1987). Skólinn getur ekki einangrað nemendur frá áhrifum margbreytileikans og þar af leiðandi er mikilvægt að þeir fái tækifæri til að vinna með hann og áhrif hans. Nálganir og aðferðir í trúarbragðafraeðslu sem viðurkenna og taka mið af margbreytileikanum eru því æskilegar.

Veraldarvæðingin gefur ekki tilefni til að útiloka trúarbrögð og trúarbragðafraeðslu úr skólunum, enda er hún margslungin og umdeild, auk þess sem það fæli í sér afneitun á menningarlegu og félagslegu hlutverki trúarbragða og lífsskoðana. Hún er miklu fremur hvatning til að fjalla ásamt trúarbrögðunum um veraldleg lífsviðhorf. Útilokun trúarbragðafraeðslunnar gæti leitt til þess að börn og unglingar búi yfir lítilli þekkingu og skilningi á þessu sviði eða að þekkingin snúist eingöngu um trúarbrögð eða lífsviðhorf fjölskyldunnar. Það getur haft í för með sér minni skilning milli fólks með ólíkan trúarlegan bakgrunn og stuðlað að fordómum. Þótt þekking sé ekki trygging gegn staðalmyndum og fordómum má færa rök fyrir því að hún sé forsenda skilnings, virðingar og umburðarlyndis. Vönduð trúarbragðafraeðsla þar sem nemendur fá tækifæri til að kynna sér ólík trúarbrögð og lífsskoðanir og rökræða við samnemendur með ólíkan bakgrunn er því mikilvægt viðfangsefni skólans á tíma margbreytileika og fjölhyggju. Hér gildir sú áhersla Evrópuráðsins að trúarbragðakennslan byggji á fagmennsku og sérfræðiþekkingu, ásamt skuldbindingu gagnvart almennum mannréttindum og trúfrelsi.

Hvaða áherslur eru þá æskilegar í sambandi við trúarbragðafraeðsluna hér á landi? Meginkrafan er að hún sé fagleg og vönduð og að skólarnir leggi rækt við hana. Eðlilegt er að taka tillit til samhengisins og þess menningarlega og félagslega umhverfis sem fraeðslan fer fram í þar sem í senn er um að ræða samfélag sem byggir á kristnum menningararfi en er um leið að verða æ margbreytilegra hvað varðar trúarbrögð og lífsskoðanir. Færa má rök fyrir því að skynsamlegt sé að fara milliveg milli samhengismiðaðrar nálgunar Jacksons (1997; 2004; 2008) og inntaksmiðaðrar nálgunar Wrights (1996; 2004; 2008), það þurfi að gefa gaum að hvoru tveggja, þ.e. innihaldi trúarbragðanna og menningarlegu og félagslegu samhengi. Það vekur athygli að þrátt fyrir ólíkan þekkingarfræðilegan grundvöll og mismunandi nálgun í trúarbragðafraeðslunni eiga þeir Jackson og Wright ýmislegt sameiginlegt. Ef við setjum það sem þeir eiga sameiginlegt í brennidepil, þ.e. að kennslan eigi að vera réttlát og aðgengileg fyrir alla, óháð trúar- eða lífsskoðunum, og að hún feli í sér sveigjanleika og líti á þátttöku nemendanna sem mikilvægan þátt í kennslunni, þá er það grundvöllur að leið sem felur í sér víxlverkun milli samhengis og

reynslu nemendanna annars vegar og kjarnans í innihaldi ólíkra trúarbragða og lífsviðhorfa hins vegar. Um leið er mikilvægt að leggja áherslu á mannréttindi og trúfrelsi og að námið hafi það að markmiði að skapa skilning, umburðarlyndi og virðingu milli fólks með ólíkar trúar- og lífsskoðanir.

Ef trúarbrögð og trúar- og lífsviðhorf eru samofin heildarskilningi einstaklingsins á sjálfum sér í veröldinni þá hlýtur það að vera réttur barnsins að unnið sé með viðfangsefni og spurningar í skólanum sem tengjast trúarbrögðum, lífsviðhorfum og tilvistarspurningum. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna (1989) heldur fram rétti barnsins til að vera ekki mismunað á grundvelli trúarbragða (2. gr.) og rétti þess til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar (14. gr.). Þar að auki er talað um rétt barnsins til lífsafkomu sem nægir því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska (27. og 32. gr.). Trúarbragðafræðslan getur gegnt mikilvægu hlutverki í því sambandi. Stundum er rökrætt hvort trúarbragðafræðsla eigi að vera á forsendum trúar- og lífsskoðunarfélaga eða forsendum skólans. Líklega er þó heppilegast að tala um trúarbragðafræðslu á forsendum barnsins.

Á grundvelli rannsóknna í norrænu samhengi hafa fræðimenn sett fram svipuð sjónarmið og gagnrýnt trúarbragðafræðsluna fyrir að vera of vitsmunaleg og lagt í staðinn áherslu á að ganga í ríkari mæli út frá nemendum, reynslu þeirra, tilvistarspurningum og tilfinningum (Brunstad, 1998; Eriksson, 1999). Í Svíþjóð var á sínum tíma sett fram hugmynd um svokallaða tilvistarspurninga-uppeldisfræði (s. *livsfråge-pedagogik*) þar sem lögð er áhersla á forsendur og sjónarmið nemenda með tilvistarspurningar þeirra sérstaklega í brennidepli í trúarbragðafræðslunni (Hartman, 2000; Selander, 1993).

Það má því færa margvísleg rök fyrir því að setja nemandann í brennidepil í trúarbragðafræðslunni, óháð því hvort hún er innihaldsmiðuð eða samhengismiðuð. Sé það gert með það að markmiði að skapa forsendur fyrir nemendur til að vinna með eigin reynslu og afstöðu og til að skilja afstöðu og reynslu annarra þá er slík nálgun í samræmi við tilgang góðrar trúarbragðafræðslu. Selander (2000) hefur lýst meginhlutverki trúarbragðafræðslu í skólum þannig að hún eigi að hjálpa nemendum að dýpka eigin þekkingu og skilning, og víkka sjóndeildarhringinn og tilvistartengda reynslu og á þann hátt stuðla að því að þeir þjálfist í að íhuga og ræða mikilvægar tilvistar- og siðferðisspurningar. Það gerist að sjálf-sögðu ekki nema í samspili við ytra samhengi nemendanna, menningu og hefðir, og inn-tak trúarbragða og lífsskoðana. Þegar trúarbragðafræðslan verður hluti af heildarnámskrá samfélagsgreina gefst gott tilefni til að huga að þessu samspili um leið og það er mikilvægt að gæta þess að hún týnist ekki vegna þess hve samfélagsgreinarnar eru yfirgripsmiklar.

## Lokaorð

Í ritgerð frá því í byrjun síðustu aldar, *The Child and the Curriculum*, setur John Dewey fram sjónarmið sem geta hjálpað til við að draga saman það sem hér hefur verið rætt. Hann segir:

Grundvallarþættir í menntunarferlinu eru annars vegar óþroskaður einstaklingur og hins vegar tiltekin félagsleg markmið, merking og gildi sem eru holdi klædd í þroskaðri reynslu hinna fullorðnu. Menntunarferlið felur í sér tilhlýðilegt samspil þessara þátta (Dewey 1902 / 1956, s. 4).

Dewey varar við því í ritgerðinni að gera þessa tvo þætti andstæða, að halda öðrum fram á kostnað hins. Hættan sé sú að við einblínum þá stöðugt á andstæð sjónarmið í stað þess að horfa á menntunina sem heild. Barninu sé stillt upp andstætt námskrám, eðli einstaklingsins andstætt menningu samfélagsins. Þessi átök endi svo gjarnan í því sem

Dewey kallar mismunandi menntunarsértrúarhópa (e. *educational sects*) sem annað hvort séu uppteknir af mikilvægi innihalds námskránna eða setji barnið í brennidepil, bæði sem upphaf og endi alls. Lausnin að mati Deweys er sú að láta af þeirri hugmynd að það sé einhvers konar gjá milli reynslu barnsins og þeirra ólíku viðfangsefna sem námskrár og námsáætlanir feli í sér. Hann er einnig þeirrar skoðunar að við eigum að hætta að hugsa um námsgreinarnar sem eitthvað fastmótað og endanlegt í sjálfu sér, óháð reynslu barnsins, og jafnframt að hætta að líta á reynslu barnsins sem eitthvað fastákveðið. Í staðinn eigum við að líta á þetta sem eitthvað breytilegt, ófullmótað og lífandi. Þá munum við sjá að ...

...barnið og námskráin eru einfaldlega tvö mörk sem afmarka einfalt ferli. Alveg eins og tveir punktar geta afmarkað beina línu þannig afmarkar afstaða barnsins á hverjum tíma og staðreyndir og sannindi námsgreinanna kennsluna. Um er að ræða samfellda endursmið, þar sem hreyfingin er frá núverandi reynslu barnsins yfir í það sem er sett fram af skipulegum heildum sanninda og við köllum námsgreinar (Dewey 1902 /1956, s. 11).

Sjónarmið Deweys eiga við enn í dag og geta gilt um þær áherslur sem æskilegt er að leggja í trúarbragðafraeðslu grunnskólans hér á landi. Ef reynsla nemendanna og innihald trúarbragðafraeðinnar eru þeir meginþættir sem mynda það ferli sem á sér stað í trúarbragðakennslunni, þá snýst það um samspil milli reynslu, hugmynda og tilvistarspurninga nemendanna annars vegar, og frásagna, kenninga, hefða og menningarlegs samhengis trúarbragða og lífsskoðana hins vegar. Íslenskt samfélag hefur lengst af verið tiltölulega einsleitt og kristin trúararfleifið verið mótandi afl í menningu og samfélagi. Því er eðlilegt að kristni skipi veigamikinn sess í trúarbragðafraeðslunni hér á landi, enda meiri hluti nemenda með bakgrunn og reynslu sem á einhvern hátt tengist þeim trúarbrögðum. Á síðustu árum hefur myndin hins vegar breyst og nú einkennist samfélagið æ meir af trúarlegri fjölhyggju og margbreytileika, bæði innan hinnar kristnu trúarhefðar og vegna vaxandi áhrifa annarra trúarbragða og lífsskoðana. Sú staðreynd eykur mikilvægi trúarbragðafraeðslunnar og felur í sér að taka þarf tillit til þess í námskrá og kennslu með aukinni áherslu á önnur trúarbrögð og lífsviðhorf samhliða kristninni, ásamt margbreytileika innan trúarhefðanna. Nemendur í skólum landsins taka með sér inn í skólastofuna mismunandi reynslu, skilning og afstöðu sem mótast af bakgrunni þeirra og hæfni til að vinna með eigin reynslu og hugmyndir. Þetta er sá veruleiki sem kennarar þurfa að vinna með í trúarbragðafraeðslu skólans. Um leið er mikilvægt að með hann sé unnið í samspili við inntak og hefðir trúarbragðanna. Námskrá og námsefni trúarbragðafraeðinnar þarf því að endurspeglar þetta samspil þannig að löggð sé áhersla á hæfni nemenda til að fást við og ræða frásagnir, kenningar, siði og hefðir ólíkra trúarbragða og lífsviðhorfa um leið og þeir vinna með reynslu sína, hugmyndir og tilvistarspurningar. Í tengslum við aðrar samfélagsgreinar aukast jafnframt möguleikar á að fást við trúarbrögð og lífsviðhorf í sögulegu, menningarlegu og félagslegu samhengi, bæði á vettvangi nærsamfélags og veraldarinnar í heild.

## Heimildir

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. (1989). Sótt 8. desember 2011 af [http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn\\_i\\_heild/](http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/)

Bellah, R. (2001). Between religion and social science. Í R. Bellah (ritstjóri), *Beyond belief: Essays on religion in a post-traditionalist world* (2. útgáfa) (bls. 237–259). Berkeley: University of California Press.

Berger, P. (1969). *The Social Reality of Religion*. London: Faber.

Berger, P. (ritstjóri) (1999). *Desecularization of the World. Resurgent Religion and World Politics*. Washington: Eerdmans Publishing.

Birkedal, E. (2001). "Noen ganger tror jeg på Gud, men..."? *En undersøkelse av gudstro og erfaring med religiøs praksis i tidlig ungdomsalder*. KIFO Perspektiv nr. 8. Trondheim: Tapir.

Bruce, S. (ritstjóri). (1992). *Religion and Modernization: Sociologists and Historians debate the Secularization Thesis*. Oxford: Oxford University Press.

Brunstad, P. O. (1998). *Ungdom och livstolkning: En studie av unge menneskers tro og fremtidsforventninger*. KIFO Perspektiv nr. 3. Trondheim: Tapir.

Brömssen, K. (2003). *Tolkningar, förhandlingar och tystnader: Elevers tal om religion i det mångkulturella och postkoloniala rummet*. (Göteborgs studies in educational sciences 201). Göteborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.

Dewey, J. (1902/1956). *The Child and the Curriculum*. Í *The Child and the Curriculum and The School and Society*. Chicago and London: Phoenix Books, The University of Chicago Press.

*Education and religion* (Doc. 10673). Council of Europe, 19. september 2005, Committee on Culture, Science and Education. Sótt 18. nóvember 2011 á <http://assembly.coe.int/Documents/WorkingDocs/doc05/EDOC10673.htm>

*Education Act*, 1944. Sótt 22. nóvember 2011 af <http://www.legislation.gov.uk/ukpga/Geo6/7-8/31/contents>

*Education Reform Act*, 1988. Sótt 22. nóvember 2011 af [http://www.opsi.gov.uk/acts/acts1988/ukpga\\_19880040\\_en\\_1](http://www.opsi.gov.uk/acts/acts1988/ukpga_19880040_en_1)

Eriksson, K. (1999). *På span efter livets mening: Om livsfrågor och livsåskodning hos äldre grundskoleelever i en undervisningsmiljö som främjar kunskapande*. Malmö: Institutionen för pedagogik. Högskolan i Malmö.

Erricker, C. and Erricer, J. (2000). *Reconstructing Religious, Spiritual and Moral Education*. London: RoutledgeFalmer.

Furenhed, R. (2000). Undervisning och förståelse – exemplet religionskunskap. Í E. Almén, R. Furenhed, S.G. Hartman og B. Skogar, *Livstolkning och värdegrund: Att undervisa om religioner, livsfrågor och etik* (bls. 117–142). Linköping: Linköpings universitet, Skapande Vetande.

Grimmitt, M. (1987). *Religious Education and Human Development: The Relationship Between Studying Religions and Personal, Social and Moral Education*. Wakering: McCrimmons.

Gunnar Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson. (2006). Trú og gildi í tilvistartúlkun unglunga: Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á lífsviðhorfi og gildismati íslenskra unglunga. *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 23, 43–70.

Gunnar J. Gunnarsson. (1995). *Maðurinn og trúin: Trúarbragðafræði handa grunnskólum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.



Gunnar J. Gunnarsson. (2008a). *"I don't believe the meaning of life is all that profound": A study of Icelandic teenagers' life interpretation and values*. Stockholm: Stockholms Universitet.

Gunnar J. Gunnarsson. (2008b). Tilvistartúlkun og trú: Skipta trú og trúarbrögð einhverju máli í tilvistartúlkun íslenskra unglunga? *Ritroð Guðfræðistofnunar*, 26, 113–132.

Habermas, J. (2008). *Between Naturalism and Religion: Philosophical Essays*. Cambridge, UK: Polity Press.

Hagstofa Íslands. (2012). *Mannfjöldi eftir trúfélögum*. Sótt 13. janúar 2012 af <http://www.hagstofa.is>

Hagstofa Íslands. (2012a). *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa*. Sótt 24. maí 2012 af <http://www.hagstofa.is>

Hallgren, R. (2003). *På jakt efter livets essens – om spekulerande grundskolebarn*. Lund: Studentlitteratur.

Hartman, S. G. (2000). Hur religionsämnet formades. Í E. Almén, R. Furenhed, S.G. Hartman og B. Skogar, *Livstolkning och värdegrund: Att undervisa om religion, livsfrågor och etik* (bls. 212–251). (Skapande vetande nr. 37). Linköping: Linköpings universitet.

Jackson, R. (1997). *Religious education: An interpretive approach*. London: Hodder and Stoughton.

Jackson, R. (2004). *Rethinking religious education and plurality*. London: Routledge Falmer.

Jackson, R. (2008). Contextual Religious Education and the Interpretive Approach. *British Journal of Religious Education*, 30(1), 13–24.

Jackson, R. og Steele, K. (2005). Citizenship Education and Religious Education: A European Perspective. In R. Jackson and U. McKenna (ritstjórar), *Intercultural Education and Religious Plurality* (bls. 53–62). Oslo: Oslo Coalition on Freedom of Religion or Belief.

Johansson, A. (2005). *Religionsundervisning för livet. – En förskjutning från lära i religion, till lära om och från religioner*. Ópr. kandidatsritgerð, Växjö Universitet.

Luckmann, T. (1977). Theories of religion and social change. *Annual Review of the Social Sciences of Religion* 1, 1–28.

*Lög um grunnskóla*, nr. 63/1974.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið (1976). *Aðalnámskrá grunnskóla, kristinfræði*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild.

Menntamálaráðuneytið (1989). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafraeði*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafraeði*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

- Osbeck, C. (2006). *Kränkningens livsförståelse: En religionsdidaktisk studie av livsförståelselärande i skolan*. Karlstad: Religionsvetenskap Karlstads Universitet.
- Religion and democracy. (Doc. 8270). Council of Europe, 27. nóvember 1998, Committee on Culture and Education. Sótt 18. nóvember 2011 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=/Documents/WorkingDocs/Doc98/EDOC8270.htm>
- Report on religious tolerance in democratic society* (Doc. 6732). Council of Europe, 12. janúar 1993. Sótt 18. nóvember 2011 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=/Documents/WorkingDocs/Doc93/EDOC6732.htm>
- Selander, S.-Å. (1993). *Undervisa i religionskunskap*. Lund: Studentlitteratur.
- Selander, S.-Å. (2000). Livstolkning – trostolkning – tydning: Grundbegrepp i en personlighetsutvecklande religionsdidaktisk modell. Í E. Birkedal, H. Hegstad, G. Skeie (ritstjórar): *Forskning og fundering. Religion og religiøsitet i skole, kirke og samfunn. Festskrift til Ole Gunnar Winsnes* (bls. 14–34). Trondheim: Tapir.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2004). *Búddhatrú – leiðin til nirvana*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2005). *Hindúatrú – Guð í mörgum myndum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2006). *Gyðingdómur – sáttmáli þjóðar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2008). *Kristin trú - fagnaðarerindið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Pálsson. (2008). *Kirkja og skóli á 20. öld: Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Smart, N. (1967). "A New Look at Religious Studies: The Lancaster Idea". *Learning for Living*, 7(1), 27–29.
- Smart, N. (1968). *Secular Education and the Logic of Religion*. London: Faber and Faber.
- Smart, N. (1971). *The Religious Experience of Mankind*. London: Fontana.
- Smart, N. (1973). *The Phenomenon of Religion*. London: Macmillan.
- State, religion, secularity and human rights*. (Doc. 11298). Council of Europe, 8. júní 2007, Committee on Culture, Science and Education. Sótt 18. nóvember 2011 af <http://assembly.coe.int/Main.asp?link=/Documents/WorkingDocs/Doc07/EDOC11298.htm>
- Thalén, P. (2006). Att mäta människors religiositet: Filosofiska perspektiv på kvantitativ religionsforskning. *Gävle: Institutionen för humaniora och samhällsvetenskaps skriftserie nr 13*. Gävle: Högskolan i Gävle.
- Thompson, P. (2004). Whose confession? Which tradition? *British Journal of Education*, 26(1), 61–72.
- Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools*. (2007). Warsaw: OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODHIR). Sótt 19. nóvember 2011 af <http://www.osce.org/odihr/29154>

- Weisse, W. (2010). REDCo: A european Research Project on Religion in Education. *Religion and Education*, 37, 187–202.
- Willaime, J.-P. (2007). 'Different Models for Religion and Education in Europe', i R. Jackson, S. Miedema, W. Weisse, J.-P. Willaime (ritstjórar), *Religion and Education in Europe. Developments, Contexts and Debates* (bls. 57–66). Münster: Waxman Verlag.
- White Paper on Intercultural Dialogue – Living Together As Equals in Dignity*. Council of Europe, júní 2008, F-67075 Strasbourg Cedex. Sótt 18. nóvember 2011 af [http://www.coe.int/t/dg4/intercultural/source/white%20paper\\_final\\_revised\\_en.pdf](http://www.coe.int/t/dg4/intercultural/source/white%20paper_final_revised_en.pdf)
- Wilson, B. (ritstjóri) (1982). *Religion in Sociological Perspective*. Oxford: Oxford University Press.
- Woodhead, L. J. P. and Heelas, P. L.F. (ritstjórar) (2000). *Religion in Modern Times: An Interpretive Anthology*. Oxford: Blackwell.
- Wright, A. (1996). 'Language and experience in the hermeneutics of religious understanding'. *British Journal of Religious Education*, 18 (3), 166-180.
- Wright, A. (1998). *Spiritual Pedagogy: A Survey, Critique and Reconstruction of Contemporary Spiritual Education in England and Wales*. Abingdon: Cullham College Institute.
- Wright, A. (2004). *Religion, education and post-modernity*. London: RoutledgeFalmer.
- Wright, A. (2008). Contextual Religious Education and the Actuality of Religions. *British Journal of Religious Education*. 30(1), 3–12.
- Ziebertz, H.-G. og Riegel, U. (ritstjórar). (2008). *Europe: Secular or post-secular?* Münster: Lit Verlag.
- Þorkell Ágúst Óttarsson. (2003). *Islam – að lúta vilja Guðs*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.



Gunnar J. Gunnarsson. (2012).  
Trúarbragðafraeðsla í samfélagi margbreytileikans.  
*Netla – Vefritur um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/rvn/006.pdf>